

Ed.

433. Breytingartillaga

[126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Frá Gísla Jónssyni.

Á eftir 1. gr. koma 3 nýjar greinar:

- a. (2. gr.) Í stað orðsins „veiðimálastjóri“ í 2. málsg. 75. gr. laganna og viðar kemur: Atvinnudeild háskólans (fiskideild).
- b. (3. gr.) Fyrsta málsg. 76. gr. laganna skal orða svo:
Atvinnudeild háskólans (fiskideild) skal hafa í þjónustu sinni kunnáttumann um veiðimál og vatnalíffræði.
- c. (4. gr.) Við 79. gr. laganna bætist: Til þess að standast kostnað við stjórn veiðimála samkv. lögum þessum skal leggja gjald á veiðieigendur til tiltölu við veiðimagn hvers þeirra um sig undanfarið ár. Gjaldið rennur í ríkissjóð, og má taka það lögtaki.